

Ed.
um verðlagsmál.

618. Frumvarp til laga

[162. mál]

(Eftir eina umr. í Nd., 2. júní.)

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytissjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda viðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

3. gr.

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvæðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvæðanir, sem ræðir um í 3. gr.

5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

6. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvæðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnunum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómurinn ákveði annað.

16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara í verðlagsdómi, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjóðdómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot itrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafla laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.